

Ná.

§7. Frumvarp

til laga um að skipa dr. phil. Guðmund Finnbogason kennara í hagnýtri sálarfræði við háskóla Íslands.

Flutningsmenn: Bjarni Jónsson frá Vogu, Matth. Ólafsson,
Jón Jónsson og Magnús Pjetursson.

1. gr.

Við háskóla Íslands skal stofna kennaraembætti í hagnýtri sálarfræði, bundið við nafn dr. phil. Guðmundar Finnbogasonar.

2. gr.

Auk háskólakenslunnar skal honum skylt að hafa á hendi vísindarannsókn á vinnubrögðum í landinu og tilraunir til umbóta á þeim.

3. gr.

Hafa skal hann að öðru leyti sömu skyldur og rjettindi sem »prófessorar« háskólans.

Astæður.

Þau rök renna til laga þessara, að landinu er hin mesta nauðsyn á því, að Guðmundur Finnbogason haldi áfram rannsóknnum sínum um hagnýting sálarfræðinnar við vinnubrögð. Þetta verður tryggara með þeim hætti, sem hjer er farið fram á. Auk þess er hjer krafist meira starfs fyrir sama fje en nú er gert. Er það landinu gróði. — Í þriðja lagi er með þessu trygt, að maðurinn fái tækifæri til að neyta krafta sinna og kunnáttu, en landið að njóta.